

Mál nr. 290/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging sjómanna.

Nafn vátryggingartaka (X)

Ákvörðun árslauna vegna útreiknings bóta. Frávísun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15. ágúst 2025 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 8. september 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 16. september 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 4. nóvember 2023, er hann var skipverji á skipinu Y sem gert er út af X, orðið fyrir slysi. Ekki er ágreiningur um atvikið sem slíkt né niðurstöðu matsgerðar um líkamstjón M, þ.e. að varanlegur miski M sé 3 stig og varanleg örorka 5%. Hinn 28. júlí 2025 skrifaði lögmaður M undir fullnaðaruppgjör bóta úr slysátryggingu sjómanna með fyrirvara, en sú bótafjárhæð sem þar var sett fram miðaði við meðallaun verkafólks.

M byggir á því að rétt sé að meta framtíðartekjur M sérstaklega á grundvelli 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, og miða við þær tekjur sem hann var með í fullu starfi við sjómennsku, en ekki í fæðingarorlofi eða atvinnulaus, enda hafi M verið fastráðinn á Y á slysdegi. Tekjur hans af sjómennsku séu því réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hans en meðaltekjur hans á síðustu þremur árum fyrir slysdag. Í málskoti er framangreint ítarlega rökstutt og vísað til dómafordæma því til stuðnings að byggt skuli á framangreindri 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Taki krafa M því mið af hámarksfjárhæð 4. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, enda hafi raunverulegar tekjur M við sjómennsku að viðbættu lífeyrissjóðsframlagi X verið umfram þá fjárhæð. Ógreiddar eftirstöðvar bóta nemi samkvæmt því 4.206.189 kr., auk vaxta og dráttarvaxta frá dagsetningu kröfubréfs.

Er þá rakið í málskoti að V haldi því fram að réttasti mælikvarðinn á framtíðartekjur M séu meðallaun verkafólks, enda hafi hann horfið til annarra starfa eftir slysið og matsmönnum hafi þótt líklegt að hann mundi starfa við önnur líkamlega krefjandi störf í framtíðinni. Telur M þá afstöðu óréttmæta og ekki til samræmis við dómaframkvæmd og það markmið skaðabótalaga að tjónþola skuli tryggðar fullar bætur. Ekki sé hægt að leggja það til grundvallar að M hefði haft lægri tekjur til langtíma en hann var farinn að afla fyrir slysið og eigi bætur að endurspegla þá tekjuöflunargetu sem M hefði haft hefði ekki komið til slyssins. Breyting á starfsvettvangi M sé afleiðing slyssins og eigi ekki að hafa áhrif á bótarétt hans. Engar vísbendingar séu um það að M hefði látið af sjómennsku hefði slysið ekki átt sér stað. Það að miða bótagreiðslur við meðallaun verkafólks veiti því ekki rétta mynd af tekjuöflunargetu M fyrir slysið með hliðsjón af tekjusögu hans. Er áréttað að réttasti mælikvarðinn á framtíðartekjur M sé annað hvort meðallaun hans á þeim hluta árána 2021 til 2023 sem hann var ekki atvinnulaus eða í fæðingarorlofi eða rauntekjur hans á tímabilinu mars til nóvember 2023 þegar hann var í fullu starfi á Y eftir fæðingarorlof. Báðir mælikvarðar leiði til þess að tekjur M séu yfir hámarki 4. mgr. 7. gr. skaðabótalaga og miðist krafa hans því við það hámark.

Í bréfi sínu til nefndarinnar krefst V aðallega frávísunar málsins. Ágreiningur aðila lúti að því hvaða árslaunaviðmið skuli notað við útreikning á varanlegri örorku samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Því sé um að ræða túlkun á tilteknu lagaákvæði skaðabótalaga og falli ágreiningurinn ekki undir starfssvið nefndarinnar eins og það er skilgreint í 3. gr. samþykktar hennar. Þá snúist ágreiningur aðila að öllum líkindum um fjárhæð sem er umfram 5.000.000 kr., þ.e. þau fjárhæðarmörk sem nefndinni er heimilt að fjalla um án sérstaks samþykkis V. Jafnframt telur V að ágreiningur málsins sé það flókinn og yfirgripsmikill að meðhöndlun málsins hamli skilvirkni nefndarinnar og beri því að vísa því frá á grunsvelli h)liðar 4. gr. samþykktar hennar.

Fari svo að nefndin vísi málinu ekki frá er afstaða V sú að hafna beri kröfu M. Fyrir slysið hafi M starfað um þriggja ára skeið við sjómennsku og hafi hann lokið grunnskólamenntun. Atvinnusaga M, sem nýverið hafi orðið einstætt foreldri, sé annars fjölbreytt en hann hafi m.a. starfað í verslun og í álveri.

Nú sé M í skrifstofustarfi. V hafi fallist á að beita 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga við útreikning á varanlegri örorku enda sé ekki um það deilt að aðstaður M hafi verið óvenjulegar á viðmiðunartímanum. Ágreiningur aðila sé hins vegar um það hvað teljist réttur mælikvarði á líklegar framtíðartekjur M. Krafa M miði við afmarkað tímabil á árunum 2021 til 2023 þegar M hafi verið með hvað hæstar tekjur en V sé, að gögnum málsins virtum, ekki reiðubúið til að fallast á þá nálgun, enda hafi M hvorki fyrr né síðar verið með viðlíka tekjur. V hafi verið reiðubúið að miða árslaunaviðmið við meðaltekjur verkafólks og talið það eðlilega nálgun með hliðsjón af atvinnusögu M og því sem fram komi í matsgerð en ekki sé um umfangsmikinn áverka að ræða og hafi matsmenn talið M hæfan til líkamlega krefjandi starfa í landi. Ekki sé tilefni til að líta aðeins til afmarkaðra tímabila í tekjusögu M og líta alfarið fram hjá þeim atriðum sem honum séu óhagstæð. Árslaun þau sem V hafi lagt til grundvallar bótauppgjöri séu þá um tveimur milljónum kr. hærri en árslaun M í núverandi starfi, og hærri en meðaltekjur M á síðustu þremur árum fyrir slysið.

Í viðbótarathugasemdum M er röksemdum fyrir frávísunarkröfu V hafnað. Nefndin hafi þannig áður tekið til meðferðar sambærilegan ágreining og sé fjárhæð kröfunnar innan þeirra marka sem nefndinni er heimilt að fjalla um án sérstaks samþykkis.

Álit.

Ekki er ágreiningur um að M hafi orðið fyrir slysi og að bótaskylda úr slysatryggingu sjómanna sé fyrir hendi. Þá er ekki ágreiningur um niðurstöðu fyrirbyggjandi matsgerðar á líkamlegu afleiðingum slyssins fyrir M. Aðilar virðast þá sammála um að byggt skuli á 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 við ákvörðun bóta, enda gefi meðalatvinnutekjur M síðustu þrjú ár fyrir slysdag ekki rétta mynd af líklegum framtíðartekjum, enda hafi M á því tímabili bæði verið í fæðingarorlofi og atvinnulaus um hríð. Aðila greinir hins vegar á um það hvort leggja eigi meðallaun verkafólks til grundvallar við útreikning bóta vegna varanlegrar örorku eða hvort miða eigi við tekjur M af sjómennsku fyrir slysið.

Þá greinir aðila einnig á um hvort vísa beri málinu frá nefndinni. Í 2. gr. samþykktu úrskurðarnefndar í váttryggingamálum er hugtakið neytandi skýrt með eftirfarandi hætti: „*Einstaklingur, sem gert hefur váttryggingarsamning við váttryggingafélag eða leiðir rétt sinn af slíkum samningi sem váttryggður eða réttthafi í skilningi laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, enda varði samningurinn og ágreiningsefnið ekki atvinnurekstur hans, sbr. lög um váttryggingarsamninga og lög um dreifingu váttryggingar, nr. 62/2019.*“ Hugtakið neytandi er því skýrt nokkuð rúmt og er ljóst að M, sem leiðir rétt sinn af váttryggingu sem vinnuveitandi hans keypti hjá V, fellur undir það að vera neytandi í skilningi samþykktanna. Í 3. mgr. 3. gr. samþykktanna kemur þá fram að samþykki aðila sé áskilið eigi nefndin að fjalla um ágreining varðandi fjárhæðir. Ljóst er af málflutningi V að slíkt samþykki er ekki fyrir hendi. Hins vegar segir einnig í 3. mgr. 3. gr. að: „*Neytanda er þó heimilt án samþykkis að skjóta til nefndarinnar ágreiningi um fjárhæðir vegna váttryggingarsamnings milli hans og varnaraðila, enda nemi ágreiningurinn að lágmarki kr. 25.000 og að hámarki kr. 5.000.000.*“ Af skýru orðalagi þessa ákvæðis má ráða að það dugi ekki til að M sé „neytandi“ í skilningi samþykktanna heldur þurfi beinlínis að vera um að ræða váttryggingarsamning milli M og V. Ekki nægir því að um sé að ræða váttryggingu sem annar aðili, þ.e. í þessu tilviki X, hefur keypt og M leiðir rétt sinn af. Má af því ráða að heimildarákvæði lokamálsliðs 3. mgr. 3. gr. samþykktanna taki ekki til M í þessu tilviki. Þess utan verður að telja nokkurn vafa á því hvort endanleg kröfufjárhæð M sé innan tilgreindra fjárhæðarmarka.

Kemur þá til skoðunar hvort um „ágreining um fjárhæðir“ í þessum skilningi er að ræða, en nefndin hefur almennt ekki túlkað það hugtak með rúmum hætti. Með rúmri túlkun mætti enda halda því fram að allur ágreiningur um bótskyldu snúist í raun á endanum um bótafjárhæðir og mundi rúm túlkun því takmarka starfssvið nefndarinnar með óeðlilegum hætti og í andstöðu við 1. og 2. mgr. 3. gr. samþykktanna. Hefur því samkvæmt framansögðu verið litið svo á að um undantekningarákvæði sé að ræða sem beri því að túlka þröngt.

Dæmi um slíka túlkun er t.a.m. að finna í úrskurði nefndarinnar í máli 468/2024 þar sem deilt var um umfang óvinnufærni, í máli 269/2020 þar sem deilt var um beitingu hlutfallsreglu við mat á miska svo og í mýmörgum málum nefndarinnar er varða umfang tjóns á fasteignum, þ.e. litið er svo á að slíkur ágreiningur snúi að tjónsumfangi en ekki beinlínis að bótafjárhæð sem slíkri.

Í því máli sem hér er til meðferðar verður hins vegar ekki betur séð en að ágreiningur aðila snúi einvörðungu að fjárhæð þeirra bóta sem M eigi rétt á vegna slyss síns og að ekki sé ágreiningur um aðra þætti eða aðferðafræði við útreikning bóta en þann hvaða tekjuviðmið eigi að styðjast við. Verður

samkvæmt öllu framansögðu að telja að nefndinni sé óheimilt, án samþykkis V, að fjalla um ágreining aðila og er því þegar af þeirri ástæðu óhjákvæmilegt að vísa máli þessu frá nefndinni.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 21. október 2025.

rafræn undirskrift

Guðmunur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir